

# Reikningsskilaráð ríkisins

45. Fundur – 23. júní 2020 kl. 11:00

## Fundargerð

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og
- Forföll: Ólafur Hjálmarsson og Birgir Finnbogason fulltrúi ríkisendurskoðanda.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 44. fundar samþykkt.

### 2. Frestun IPSAS staðals nr. 29.

Farið yfir erindi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslu ríkisins um ósk um að ráðið samþykki að fresta innleiðingu IPSAS staðals nr. 29.

Samþykkt með meðfylgjandi bókun.

### Bókun reikningsskilaráðs á 45. fundi – 23. júní 2020

Reikningsskilaráð tók fyrir sameiginlegt erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins dagsett 18. júní sl. þar sem óskað er eftir að reikningsskilaráð ríkisins heimili frestun á innleiðingu IPSAS-staðals nr. 29 við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2019. Er þar vísað til 52. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að reikningsskilaráð geti frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlumum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður.

Í erindinu er gerð málefnaleg grein fyrir ástæðu þess að óskað er eftir að fresta innleiðingu. Helsta skýringin er að sú skylda sem gengið var út frá skv. IPSAS staðli 29 í upphafi innleiðingar, ætti etv. ekki við í tilfalli ríkissjóðs þar sem ekki er um virka stýringu á innlendum skuldum er að ræða.

Á síðasta fundi ráðsins var ákveðið að fresta innleiðingu á fimm stöðlum og jafnframt tilgreint að hugsanlega yrði óskað eftir frestun á öðrum stöðlum. Innleiðingaráætlun gerði ráð fyrir að við lok þriggja ára tímabilsins væru allir staðlar innleiddir við uppgjör ríkisreiknings 2019. Reynslan hefur sýnt að í sumum tilvikum er hreinlega skynsamlegt að fresta innleiðingu í ljósi endurskoðunar á stöðlum og aðrir kalla á lengri aðlögunartíma við vinnslu gagna.

### Niðurstaða

Í ljósi upplýsinga og fram lagðra gagna hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila tímabundna frestun á innleiðingu staðls nr. 29 við uppgjör ríkisreiknings árið 2019. Um leið leggur ráðið áherslu á að í skýringum við reikninginn verði gerð ítarleg grein fyrir þessum frestunum og hugsanlegum áhrifum þeirra. Jafnframt er óskað eftir að fyrir 1. nóvember nk. leggi ráðuneytið og Fjársýsla ríkisins fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur staðalsins.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 11:30  
Næsti fundur miðvikudaginn 9. júlí kl. 09:00.